

Nd.

374. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi, svo sem við verksmiðjur, verslanir, byggingar, istöku og útgerð og ennfremur við fermingu og af-fermingu skipa og báta, skal greitt út verkkaupið að minsta kosti vikulega, enda sje það ekki með samningi ráðið fast starfsfólk sex mánuði eða lengur.

Ákvæði þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

2. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 1. gr. fyrstu málsgrein, í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út að minsta kosti vikulega, ef

verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sje ekki öðruvisi um samið, þegar verkinu er lokið.

3. gr.

Heimilt er verkafólki að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Rjettargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.